

Leigusamningur – Lóð fyrir ferðatæki

Leigusali:

Lækjarberg ehf.

Kt. 410623-1530

Lækjarberg, 816 Ölfus

1. Hið leigða

Leigð er 28 fermetra sérlóð með aðgengi um sameiginlegt svæði á 7.000 fermetra landi sem er ætlað til geymslu/stöðu ferðatækja (húsbíla, hjólhýsa). Önnur notkun er óheimil nema með skriflegu samþykki leigusala.

2. Leigutími

- Sumarleiga: Frá maí til 15. september.
- Vetrarleiga: Frá 15. september til maí.

3. Aðgengi og öryggi

- Frá og með maí 2026 verður aðgengi að landinu stjórnað með rafmagnshliði.
- Leigutakar fá úthlutaðan aðgang að hliðinu og svæðinu sem verður vaktað með öryggismyndavélum.
- Sumarleiga: Hver leigutaki bókar númerað stæði fyrir sitt ferðatæki.
- Vetrarleiga: Ferðatækjum er raðað af leigusala eða í samráði við hann/starfsmenn hans.
- Almenn umgengi á svæðinu yfir vetrartímann er takmörkuð og fer fram í samráði við leigusala.

4. Leiguverð og greiðslufyrirkomulag

Leiguverð er auglýst á vef Parka.is og á snjallsímaforritinu Parka þar sem allar greiðslur fara fram rafrænt.

5. Ábyrgð og tryggingar

- Leigusali, starfsmenn hans eða eigendur bera enga ábyrgð á tjóni sem kann að verða á ferðatækjum á leigulóðinni.
- Leigutaka er eindregið ráðlagt að tryggja ferðatæki með bruna- og/eða kaskótryggingu hjá íslensku tryggingafélagi.
- Ferðatæki á svæðinu eru alfarið á ábyrgð leigutaka.

6. Lög og varnarþing

- Samningur þessi er háður íslenskum lögum.
- Komi upp ágreiningur vegna hans skal málið rekið fyrir Héraðsdómi Suðurlands.